

## Náttúruverndarstofnun

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 1. apríl 2025  
202503-0191/A.B.  
08.01

### Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036 - Bakkamelur íbúðarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036, Bakkamelur íbúðarbyggð.

Í erindinu kemur fram skipulagssvæðið íbúðarsvæðið við Birkimel (ÍB30) verður stækkað úr 28 í 48 Ha og hámarks íbúðamagn aukið úr 25 í 95. Minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

#### Umhverfismat

Náttúruverndarstofnun gerir ekki athugasemdir við áætlunina. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Innan skipulagssvæðisins er að finna grasmóavist og lyngmóavist á láglandi en þær eru báðar með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Allríkulegt fuglalíf er að finna í lyngmóavist á láglandi og eru algengustu varpfuglar í henni þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóupræll og rjúpa.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannglegra umsvifa á þéttleika mófugla.<sup>1</sup>

#### Íbúðarbyggð

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist áherslu B.2. í Landsskipulagstefnu sem fjallar um markmið um velsæld samfélags í skipulagsáætlunum: „Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og

---

<sup>1</sup> <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

## Náttúruverndarstofnun

*dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðakjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðaþörf.”*

Í skipulagi verði skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis og vaxtarmörk þéttbýlisstaða skilgreind með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa um leið vörð um landbúnaðarland og önnur verðmæt landgæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þéttbýli geta vaxið og dafnað án þess að byggðin þenjst út og valdi raski og álagi á vistkerfi, landbúnaðarland, vatn o.s.frv. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að þróun þéttbýlisins og íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Sigrún Valgarðsdóttir

***sérfræðingur***